

AKRANESKAUPSTAÐUR					
Skj.nr.	13.20	Mótt. af	GJÓ	Mótt. dags.	05 AUG. 2015
Áb.m.	RA	Úrv.aðili	SH	Afrit	RA/SH
Símtal		Tölvup.		Fax	RA/SH/ST.A
Svarfr.		Trún.mál		Fskj.	
Málsnr. One	1508011				

Reykjavík, júlí 2015

Ágæti bæjarstjóri/sveitarstjóri

Lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi en bágur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir. Margt er vel gert í skólaskóla hér á landi og það ber okkur að standa vörð um, en það veldur miklum áhyggjum að lesskilningur hefur undanfarið versnað samkvæmt PISA-könnun OECD. Ástæðan er ekki augljós og vafalaust um að ræða flókið samspil margra þátta en mikilvægt er að snúa vörn í sókn.

Með þessu bréfi er lagt til að við tökum höndum saman og gerum með okkur *Þjóðarsáttmála um læsi* þess efnis að öll börn, sem til þess hafa getu, lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla. Takist að ná því markmiði mun það hafa víðtæk áhrif á einstaklinga og þjóðfélagið allt.


Í tengslum við þetta hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett fram metnaðarfullt markmið í *Hvítbók um umbætur í menntun*. Markmiðið er að 90% nemenda í 10. bekk nái lágmarksviðmiðum um að geta lesið sér til gagns í PISA könnuninni sem lögð verður fyrir árið 2018 en í dag ná einungis 79% nemendur því markmiði.


Til að ná fram markmiði *Þjóðarsáttmála um læsi* þarf að grípa til margvíslegra aðgerða sem ráðuneytið mun styðja við á ýmsan hátt. Mikilvægur þáttur í því er að ríki og sveitarfélög einsetji sér sameiginlega að bæta læsi barna á Íslandi til framtíðar. Þar skiptir framlag skólastjórnenda, kennara, foreldra og annarra aðstandenda sköpum.


Í þessu sambandi vill mennta- og menningarmálaráðherra bjóða öllum bæjar- og sveitarstjórum að undirrita *Þjóðarsáttmála um læsi* þar sem aðilar sammingsins, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi. Skuldbinding ráðuneytisins er meðal annars fólgin í gjaldfrjálsum aðgangi skóla að skimunarprófum og teymi ráðgjafa til aðstoðar.


Stefnt er að því að undirritað verði með ráðherra í stærstu sveitarfélögum landsins. Fulltrúar minni sveitarfélaga muni vegna hagræðis koma og undirrita *Þjóðarsáttmálann* í því sveitarfélagi sem er þeim næst eins og sjá má á meðfylgjandi áætlun.

Þeir sem undirrita þetta bréf eru sammála um mikilvægi *Þjóðarsáttmála um læsi* og að markmiðum Hvítbókar um læsi verði náð. Þeir vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar að vel takist til og að allir landsmenn taki höndum saman um verkefnið.


Mennta og menningarmálaráðherra


Samband íslenskra sveitarfélaga


Kennarasamband Íslands


Heimili og skóli
landssamtök foreldra

Guðný J. Ólafsdóttir

From: Akranes Email
Sent: 29. júlí 2015 12:55
To: Guðný J. Ólafsdóttir
Subject: FW: Orðsending frá mennta- og menningarmálaráðuneyti: Þjóðarsáttmáli um læsi
Attachments: Þjóðarsáttmálalabréf.pdf; Þjóðarsáttmáli um læsi.docx; Tímaáætlun.docx

From: Þórdís Þórisdóttir [<mailto:thordis.thorisdottir@mrn.is>]

Sent: 29. júlí 2015 11:01

To: upplýsingar@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; reykjanesbaer@reykjanesb0xL191zaer.is; grindavik@grindavik.is; sandgerdi@sandgerdi.is; gardur@svgardur.is; Akranes Email <akranes@akranes.is>; skrifstofa@vogar.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; gaviaisl@vortex.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; snb@snb.is; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@simnet.is; talknafjordur@talknafjordur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@simnet.is; drangsnes@snerpa.is; strandabyggd@strandabyggd.is; krokur@skagafjordur.is; alla@hunathing.is; arnar@blonduos.is; hreppur@skagastrond.is; hafnir@simnet.is; holabak@mi.is; dalla@kirkjan.is; akureyri@akureyri.is; husavik@husavik.is; olafsfordur@olafsfordur.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; sveitarstjorn@myv.is; jhst@simnet.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; sveitarstjori@langanesbyggd.is; sfk@sfk.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; gi@eldhorn.is; borg@eldhorn.is; hreppur@breiddalur.is; djupivogur@djupivogur.is; egilsstadir@egilsstadir.is; albert@hornafjordur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@sudurland.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@emax.is; eything@eything.is; fv@vestfiridir.is; bjarni@sudurland.is; ssa@ssa.is; ssh@ssh.is; ssnv@simnet.is; gudjon@sss.is; ssv@vesturland.is

Subject: Orðsending frá mennta- og menningarmálaráðuneyti: Þjóðarsáttmáli um læsi

Tilvísun í mál: MMR15070084

Ágæti bæjarstjóri/sveitarstjóri

Hjálagt fylgir bréf til bæjar- og sveitarstjóra frá mennta- og menningarmálaráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands og Heimili og skóla með tillögu um að gerður verði þjóðarsáttmáli um læsi þess efnis að öll börn lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla.

Til að ná fram markmiðum um þjóðarsáttmála um læsi býður mennta- og menningarmálaráðherra öllum bæjar- og sveitarstjórum landsins að undirrita *Þjóðarsáttmála um læsi* þar sem aðilar sammingsins, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi. Uppkast að þjóðarsáttmálanum er í viðhengi.

Illugi Gunnarsson ráðherra mun fara um landið og undirrita þjóðarsáttmálann samkvæmt meðfylgjandi tímaáætlun. Stefnt er að því vegna hagræðis að minni sveitarfélög komi og undirriti sáttmálann á þann undirritunarstað sem þeim er næstur.

Sem hluti af kynningarátaki vegna þjóðarsáttmálans verður gert Íslandslíkan þar sem sjá má öll sveitarfélög á Íslandi. Komið verður fyrir upprúlluðu afriti af undirritun þjóðarsáttmálans á viðeigandi stað í líkaninu

Þannig að sjáist að öll sveitarfélög á Íslandi hafi undirritað sáttmálann. Stefnt er að því að líkanið verði almenningi til sýnis víðsvegar um land eftir að undirritun er lokið.

Gylfi Jón Gyfason er verkefnisstjóri og heldur hann utan um viðburðina. Mikilvægt er að fulltrúar allra sveitarfélaga hafi samband við hann, ekki einungis fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem nefndir eru í meðfylgjandi tímaáætlun, til að staðfesta endanlega tíma og nákvæma staðsetningu undirritunar með ráðherra. Hann mun einnig svara þeim spurningum sem kunna að vakna í tengslum við undirritun *Þjóðarsáttmála um læsi*

Gylfi Jón er með síma 864 9180 og netfang, gylfi.j.gyfason@mms.is.

Óskað er eftir því að staðfesting berist fyrir 10. ágúst næstkomandi.

Með góðri kveðju,
Þórdís Þórisdóttir

	<p>Þórdís Þórisdóttir ritari ráðherra / Secretary / Kontorfuldmægtig Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík, Iceland. Sími/ Tel: +(354) 545 9500 http://www.menntamalaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer</p> <p>Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.</p>
---	---

Þjóðarsáttmáli um læsi

DRÖG 14. júlí 2015

XX 2015.

Sveitarfélagið **XXX** og mennta og menningarmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar, gera með sér eftirfarandi samning.

Með undirritun okkar staðfestum við að við munum með öllum tiltækum ráðum stefna að því að að minnsta kosti 90% nemendur í **XXX**sveitarfélagi geti lesið sér til gagns árið 2018.

Í dag er staðan sú í **XXX**sveitarfélagi samkvæmt fimm ára meðaltali samræmdra prófa í lesskilningi í 10. bekk í íslensku, að x prósent unglinga ná þessu markmiði.

- Menntamálastofnun mun samkvæmt samningi þessum leggja til ráðgjöf til að styðja við skólasamfélagið í **XXX** til að ná markmiðum sínum.
- Sjóðir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fjalla um menntamál á grunnskólastigi, munu verða með sérstaka læsisáherslu meðan þessi samningur er í gildi.
- Menntamálastofnun mun efna til árlegrar námsstefnu um læsi í kjördæminu þar sem læsi verður í brennidepli.
- Menntamálastofnun mun opna vefsíðu þar sem þekkingu um læsi og kennslu verður miðlað til skólasamfélagsins.
- Menntamálastofnun mun þróa lesskimanir fyrir alla aldurhópa og verður aðgangur að þeim gjaldfrjál. Þangað til að þeirri þróunarvinnu er lokið mun Menntamálastofnun koma með tillögur um hvaða skimunarpróf er hægt að nota þangað til að þeirri vinnu er lokið.
- **XXX** mun setja sér lágmarksviðmið um lestrarhraða, lesskilning, orðaforða og ritfærni í samræmi við aðalnámskrá á öllum aldursbilum.
- Gerðar verða reglubundnar mælingar á leshraða og lesskilningi, hljóðkerfisvitund og málþroska í **XXX** og niðurstöðurnar nýttar á markvissan hátt. Lögbundin samræmd könnunarpróf verða nýtt með sama hætti. Menntamálastofnun mun aðstoða kennara í sveitarfélaginu við að greina niðurstöður og ákveða aðgerðir í kjölfar greiningar.
- Nemendur af erlendum uppruna njóti sérstaks stuðnings með það fyrir augum að þeir nái sömu markmiðum í leshraða, lesskilningi, orðaforða og ritfærni og aðrir nemendur.
- Lögð verður sérstök áhersla á að snemmtæka íhlutun og að skólarnir í **XXX** bregðist jafnóðum og hratt við vísbendingum um lestrarvanda um leið og þær koma fram.
- Sérstök áhersla verður lögð á samvinnu við foreldra til að ná markmiði samningsins.
- **XXX** setji sér markvissa læsistefnu í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá þar um.

Með undirritun okkar staðfestum við sameiginlegan skilning okkar á því að gott læsi er okkur nauðsynlegt til að komast af í samfélagi þjóða og tryggja að hver og einn fái nýtt hæfileika sína til fulls samfélagsins öllu til sameiginlegrar velferðar.

Undirskriftir:

Stefnt er að því að *Þjóðarsáttmáli um læsi* verði undirritaður með mennta- og menningarmálaráðherra í stærstu sveitarfélögum landsins og að fulltrúar minni sveitarfélaga muni vegna hagræðis koma og undirrita sáttmálann í því sveitarfélagi sem er þeim næst.

Tímaáætlun undirritunar:

- 24. ágúst.** Fyrir hádegi: Reykjavík. Eftir hádegi: Seltjarnarnesbær og Mosfellsbær.
- 25. ágúst.** Fyrir hádegi: Fljótsdalshérað. Eftir hádegi: Fjarðabyggð
- 26. ágúst.** Fyrir hádegi: Borgarbyggð.
- 28. ágúst.** Eftir hádegi: Hafnarfjarðarbær, Garðabær og Kópavogsbær.
- 31. ágúst.** Fyrir hádegi: Norðurþing. Eftir hádegi: Akureyri og Fjallabyggð.
- 1. september.** Eftir hádegi: Blönduós bær.
- 14. september.** Fyrir hádegi: Rangárþing ytra. Eftir hádegi: Hornafjörður.
- 15. september.** Eftir hádegi: Grindavíkurbær og Reykjanesbær.
- 16. september.** Fyrir hádegi: Ísafjarðarbær. Eftir hádegi: Bolungarvík.
- 21. september.** Fyrir hádegi: Árborg. Eftir hádegi: Vestmannaeyjabær.
- 22. september.** Eftir hádegi: Snæfellsbær.

Nánari upplýsingar um tímasetningar eru hjá Gylfa Jóni Gylfasyni verkefnisstjóra: gylfi.j.gylfason@namsmat.is, s: 864 9180.

Vinsamlega tilnefnið tengilið og staðfestið komu fulltrúa sveitarfélags til verkefnisstjóra.